


Ársskýrsla æskulýðsnefndar Snæfellinga 2019 - 2020



Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Snæfellinga starfsárið 2019-2020 átti að vera mjög skemmtilegt og viðburðaríkt en vegna covid frestuðust ansi margir viðburðir á okkar vegum en eitthvað náðum við þó að gera.

Í okkar félagi eru krakkar á mismunandi aldri og öllum stigum hestamennskunnar. Þessir krakkar eru dreifðir um frekar stór svæði, æskulýðsnefndin reynir þrátt fyrir það að bjóða upp á dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Þann 26. október var haldin uppskeruhátíð félagsins en þar er hefð fyrir því að veita þeim börnum, unglingum og ungmennum hvatningarverðlaun fyrir keppni á tímabilinu.



LH var með nýjung í sínu starfi þ.e. **hæfileikamótun** fyrir unglinga og voru okkar unglingar hvattir til að taka þátt. Við áttum svo tvo unglinga á okkar vegum sem komust inn í þetta verkefni en það voru þær Hafdís Lóa Sigurbjörnsdóttir og Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir. Mjög skemmtilegt og flott verkefni og gaman að eiga fulltrúa í því og Snæfellingur styrkti okkar knapa um 50 % með fjárstyrk til þátttöku í þessu verkefni.

Fjölskyldan á Brimilsvöllum buðu gestum í **heimsókn í hesthúsið** sitt í desember. Búið var að færa hesthúsið á Brimilsvöllum í jólabúning og var boðið upp á að teyma undir börnum og svo var kaffi og heitt kakó á könnunni og kökur í boði.



Knapamerkis námskeið var einnig í boði á vegum Snæfellinga og vel sótt. Kennari var Guðmundur M. Skúlason.

Helgarnámskeið á Skáney var haldið 14. - 16. febrúar. Við fórum með flottan hóp barna á föstudegi. Allir voru mjög spenntir og tóku Randi og Haukur vel á móti okkur. Fyrst fengu krakkarnir smá hressingu og svo var farið í að deila niður herbergjum. Krökkunum var skipt í tvo hópa eftir getu og í kjölfarið voru fyrstu reiðtímarnir. Allir krakkarnir fóru í 4 reiðtíma yfir helgina og svo fengu þau kennslu í umhirðu hrossa og svo aðstoðuðu þau við að hirða hesthúsið.

Á kvöldin var svo spjallað, leikið sér og hlegið datt auk þess sem að leynigestur kíktti í heimsókn.

Þessi helgi heppnaðist mjög vel og er í raun mjög mikilvægur liður í því að börnin í okkar félagi kynnist vel og myndi tengsl hvert við annað þar sem þau búa mjög dreift. Þetta er orðið árlegur liður hjá okkur að fara á þetta frábæra Helgarnámskeið.



myndir: Hópurinn á Skáney

Hestamannafélagið Borgfirðingur bauð okkur að koma á fræðslukvöld fyrir yngri kynslóðina í febrúar sem einhverjir nýttu sér. Alltaf gaman að hitta aðra krakka í nágrenninu :)

Einnig bauð Borgfirðingur okkar krökkum að vera með á keppnisnámskeiði sem Flosi Ólafsson og Klara Sveinbjarnardóttir voru með og voru einhverjir sem nýttu sér það.

Hestamannafélagið Snæfellingur hefur undanfarin ár staðið fyrir mótaröð yfir



vetrarmánuðina og var planið að hafa 4 mót í mótaröðinni en vegna Covid 19 náðist



aðeins að hafa eitt mót í ár og var það haldið í Stykkishólmi en þátttakan var mjög góð.

Siguroddur Pétursson og Ásdís Sigurðardóttir voru með einstaklings miðað reiðnámskeið þar sem farið var í hvernig á að byggja upp hest og knapa fyrir betri reiðhest og keppnishest. Námskeiðið var mjög vel sótt af börnum og unglingum í félaginu og var þetta virkilega gagnlegt og skemmtilegt námskeið. Í lok námskeiðsins var svo sýnikennsla þar sem

Siguroddur sýndi okkur 2 hross sem hann hefur verið að vinna með og sagði okkur frá því hvernig hann hagar sinni þjálfun og svo var grillveisla í lok sýnikennslunar.

Í mars var búið að ákveða hitting fyrir unga fólkið okkar þar sem átti að búa til hestanammi og eiga skemmtilegan dag saman en því varð að fresta vegna Covid 19 en vonandi munum við ná að halda þennan dag á næsta starfsári.


Stuttu eftir að Covid banninu var aflétt var boðið upp á barna og unglinganámskeið sem var haldið í Stykkishólmi. Börnin fengu vikulega leiðbeiningar í skemmunni eða á vellinum. Kennarar voru Bjarki Þór Gunnarsson og Elisabeth Marie Trost. Það er gaman að segja frá því að það voru um 10 börn/unglingar sem tóku þátt og þar af helmingur sem eru nýliðar og bara nýbyrjuð í hestamennskunni ásamt foreldrum sínum sem fóru bara á fullt í þetta nýja áhugamál.

Einnig voru haldin **2 helgar-reiðnámskeið og eitt vikunámskeið** fyrir börn á aldrinum 8 til 15 ára á Brimilsvöllum, þar var lögð áhersla á nýliðun. Færri komust að en vildu á námskeiðin, leiðbeinandi var Fanney Gunnarsdóttir.



Þannig að það má segja að barna- og unglingastarfi fer sívaxandi á nesinu og mikil nýliðun varð á á árinu í gegnum námskeiðin. Ópið íþróttamót var haldið í Grundarfirði 30. maí. Þátttakan hjá okkar krökkum í öllum aldursflokkum var mjög góð.

Öflugir framtíðar knapar þarna á ferð og rosalega gaman að hittast eftir covid frí :)



Pollaflokkur

Í ár var haldið sameiginlegt Bikarmót Vesturlands 13.-14.júní.

Ákveðið var að mótið yrði gæðingamót í ár og var einnig prófuð ný grein í tilraunaskini, gæðingatölt.

Þátttaka okkar félagsmanna var góð og gaman að kíkja á mót í öðrum bæjarfélögum.



10. november 2020, Æskulýðsnefnd:

*Erna Sigurðardóttir,
Nadine E. Walter,
Katrín Gísladóttir og
Veronica Osterhammer*